

Málfarsnöldur

Eitt orð eða tvö

Það er farið að valda undirrituðum verulegum áhyggjum hvernig farið er með ýmis samsett fræðiorð á glærum sem sýndar eru í tengslum við annars vandaða fyrirlestra lækna. Nýleg dæmi um slíkt eru orðin: *lyfja notkun* í stað **lyfjanotkun**, *gall gangar* í stað **gallgangar**, *meðal slæmur* í stað **meðalslæmur** og *krampa meðferð* í stað **krampameðferð**. Í fljótu bragði virðast menn apa tvískiptingu orðanna eftir ensku. Standa þarf vörð gegn þessu.

Eintala, fleirtala

Sömu leiðis virðast margir eiga í erfiðleikum hvort nota eigi eintölu eða fleirtölu í fyrri orðhlutanum í ýmsum samsettum orðum. Nýleg dæmi um þetta eru *fæðingahjálp* í stað **fæðingarhjálp**, *meltingarfæri* í stað **meltingarfæri**, *mismunargreining* í stað **mismunargreining** og loks *næringavandamál* í stað **næringarvandmál**. Vera má þó að þetta sé í einhverjum tilfellum misritun vegna þess að eignarfalls-„r-ið“ er orðið svo lint í framburði að það heyrst varla. Undirritaður hefur þó talsverðar áhyggjur af því að tilfinningin fyrir málinu hafi dofnað.

Farið vatn!

Fyrst nöldrið er komið á flug: Hvernig getur þunguð kona „verið með“ **farið vatn**?

Klyftaskol

Víglundur Þór Þorsteinsson, kvensjúkdómalæknir, hringdi og vildi koma á framfæri íslenska heitinu **klyftaskol**. Hann vísaði til þess að kvensjúkdómalæknar gefa stundum ábendingu eða fyrirsmáli um að kynfærasvæðið skuli skolað eða þvegið. Víglundur hafði rekist á heitin **neðanskol** og **botnskól**, sem honum líkaði ekki, og heitið **klofskol**, sem hann taldi þó skömminni skárra. Fleirtöluorðið **klyftir** er samheiti á klofi manna og orðið **botn** er af sumum notað til að vísa í rassinn.

Áður en lengra er haldið vill undirritaður hvetja til þess að öll þessi heiti séu varðveitt og notuð þegar við á. Nauðsynlegt er að lækna hafi á takteinum fleiri en eitt heiti á ýmsum fyrirbærum og að þeir geti notað þau heiti sem sjúklingum þeirra eru tömust, sérstaklega þegar rætt er um viðkvæm mál. Í 94. pistli (Lækna blaðið 1997; 83: 768) var einmitt rætt um samheiti og tekið dæmi um **penis**, sem á að minnsta kosti 40 íslensk heiti. Þar var bent á að Íðorðasafn lækna tilgreindi einungis íslenska orðið **reður**, en að heitin **typpi**, **tilli**, **getnaðarlimur**, **limur** eða **besefti** gæti hentað betur í ákveðnum aldursflokkum sjúklinga. Á sama hátt vill undirritaður

varðveita heitið **neðanskól** fyrir þá siðprúðu einstaklinga sem ekki vilja vísa ótvírætt í kynfæri eða rass.

Bidet

Sagan segir að salernistækið **bidet** hafi verið búið til í Frakklandi seint á 17. eða snemma á 18. öld. Um er að ræða skál, ekki ósvipaða klósettiskál, með útbúnaði til að þvo kynfæra- og endaparmssvæðið. Franska orðið **bidet** hafði verið notað um smáhesta, dregið af sögninni **bider**, sem táknar að brokka. Salernistækið var þannig hannað og notað, að yfir því varð að standa klofvega og líkingin við smáhest var augljós. Ensk-íslensk orðabók Arnar og Örlygs tilgreinir íslenska heitin **skolskál** og **skol**. Erlenda heitið **bidet** vísar því annars vegar í tækið sem notað er og hins vegar í aðferðina við að skola umrætt svæði. Því má við bæta að íslenska orðið **klyftaskál** er ágætis heiti á salernistækinu.

Örvi

Fyrir milligöngu orðabanka Íslenskrar málstöðvar barst tölvupóstur frá almennum notanda sem stakk upp á heitinu **viðtakaörvi** til að nota um lyf eða efni, **agonist**, sem leiðir til verkunar með því að bindast **viðtaka** (receptor). **Örvi** og **viðtakaörvi** virðast ágæt heiti, en hyggja þarf þá strax að heiti á **antagonist**.

Agonist

Heitið **agonist** er notað um vöðva sem kemur af stað tiltekinni hreyfingu (til dæmis beygju) í liðamótum og er þá **frumhreyfir** (prime mover). Vöðvi sem kemur af stað andstæðri hreyfingu (réttingu) er nefndur **antagonist**. Sömu almennu heitin eru notuð um lyf eða efni sem leiða til verkunar (agonist) eða hindrunar (antagonist). Í Íðorðasafni lækna er að finna hin stíðlegu heiti: *1. gerandvöðvi* og *2. gerandefni*.

Verki

Fyrir nokkrum árum var sett fram tillaga (Lækna blaðið 1997; 83: 340 og 456) sem lýst var þannig: „Í stað heitisins **beta-nýrilviðtaka-gerandefni** komi heitið **beta-nýrilverki**, þ.e. efni sem verkar á beta-nýrilviðtaka.“ Sett var því fram sú hugmynd að **agonist** verði **verki** og **antagonist** verði **andverki** eða **mótverki**. Undirrituðum er ekki kunnugt um að þessi heiti hafi náð neinni útbreiðslu. Geta má þess að **Verki** er gamalt heiti á úlfi Óðins og merkir hinn gráðugi.



Jóhann Heiðar
Jóhannsson

johannahj@landspitali.is

Jóhann Heiðar er læknir
á Landspítala Hringbraut.